



Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 31. október 2022  
Mál nr. 202210-0221

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um orlofshúsnæði örorkulífeyrisþega, 88. mál**

Málið er nú lagt fram í fjórða sinn, en hefur ekki hlotið afgreiðslu til þessa. Eins og áður styður ASÍ tillögu þessa til þingsályktunar um orlofshúsnæði örorkulífeyrisþega. Að öðru leiti vísast til fyrri umsagnar sem send var vegna samhljóða tillögu sem lögð var fram á 152. löggjafarþingi (98. mál). Er hún tekin hér upp orðrétt:

*„ Alþýðusamband Íslands styður efni þeirrar tillögu sem umsögn er gefin um og hvetur eindregið til að réttarstaða örorkulífeyrisþega í þessu efni verði könnuð og í framhaldi bætt.*

*ASÍ vill vekja athygli á því, að staða þeirra örorkulífeyrisþega sem ekki hafa verið á vinnumarkaði og safnað réttindum á grundvelli iðgjalda sem greidd hafa verið vegna þeirra til orlofssjóða stéttarfélaganna, er sérstaklega slæm í þessu efni en þeir eiga almennt ekki aðgang að orlofshúsum stéttarfélaganna.*

*Hvað varðar stöðu þeirra sem verið voru á vinnumarkaði þegar réttur til örorkulífeyris stofnaðist, þá gerði ASÍ könnun á henni á árinu 2017 á meðal aðildarfélaganna sinna. Þar kom fram að í 27 af 44 aðildarfélögum ASÍ sem skipuleggja 70% allra félagsmanna aðildarfélaganna ASÍ, njóta félagsmenn sem farið hafa á örorkulífeyri fullra réttinda vegna dvalar í orlofshúsum félaganna. Í félögum sem skipuleggja um 30% félagsmanna er þeim ýmist heimilt að tæma inneign sína þó þeir hafi látið af störfum eða geta fengið úthlutun næst á eftir fullgildum félagsmönnum. Aðildarfélög ASÍ hafa á síðustu árum jafnframt lagt áherslu á, eins og þeim er skylt að lögum að gera, að bæta bæði aðgengi og aðbúnað í orlofshúsum sínum.,,*

Virðingarfyllst,  
f.h. Alþýðusambands Íslands,

Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir,  
lögfræðingur ASÍ

## **Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um tillögu til þingsályktunar um orlofshúsnæði örorkulífeyrisþega, 88. mál.**

Landssamtökin Proskahjálp þakka fyrir að hafa fengið þingsályktunartillöguna til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfærandi við velferðarnefnd og Alþingi varðandi hana.

Örorkulífeyrisþegar eru mjög oft ekki með réttindi hjá stéttarfélögum og hafa yfirleitt miklu minni aðgang að orlofshúsum en landsmenn almennt og þar með minni og færri tækifæri til þeirrar tilbreytingar, afþreyingar, félags- og fjölskyldulífs sem þau veita og þykja sjálfsgöð í íslensku samfélagi.

Aðgangur að orlofshúsum er óumdeilanlega mikilvægur þáttur í því sem telst vera eðlilegt líf hér á landi. Vernd gegn mismunun á öllum sviðum og tækifæri til eðlilegs lífs til jafns við aðra eru meginmarkmið í réttindabaráttu fatlaðs fólks og grunvallarþættir í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem íslenskra ríkið fullgilti árið 2016 og skuldabtt sig þar með til að framfylgja. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir: “Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verður lögfestur.” Þá samþykkti ríkisstjórnin 1. júlí sl. að vinna að að gerð landsáætlunar um innleiðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og að það verði liður í lögfestingu samningsins sem kveðið er á um í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Með vísan til þess sem að framan er rakið lýsa Landssamtökin Proskahjálp eindregnum stuðningi við þingsályktunartillöguna og hvetja velferðarnefnd eindregið til að beita sér fyrir því að hún verði samþykkt og skora á Alþingi að samþykkja hana.

Landssamtökin Proskahjálp óska jafnframt eftir að fá fund með velferðarnefnd til að gera nefndinni betur grein fyrir áherslum sínum og sjónarmiðum sínum varðandi þingsályktunartillöguna.

Virðingarfyllst,

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Proskahjálpar

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Proskahjálpar

Velferðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

1. nóvember 2022

## Umsögn ÖBÍ réttindasamtaka um tillögu til þingsályktunar um orlofshúsnæði örorkulífeyisþega, 88 mál.

ÖBÍ styður gerð úttektar með það að markmiði að fatlað fólk hafi aðgang að orlofshúsnæði. Nauðsynlegt er að fara í þessa úttekt sem allra fyrst svo hægt sé að setja í ferli aðgerðir við uppbyggingu slíkra orlofhúsa. Ef tillagan verður samþykkt og ráðist í að koma upp orlofshúsum fyrir örorkulífeyrisþega aukast lífsgæði fatlaðs fólks. Hafa verður í huga að slík hús verða að vera byggð samkvæmt algildri hönnun, vera staðsett um land allt og vera í boði á viðráðanlegu verði.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks felur m.a. í sér rétt fatlaðs fólks til að hafa sömu valkosti og aðrir í samfélaginu. Gleðilegt er að horft sé á mikilvægi þess að allir hafi tækifæri til þess að taka frí frá daglegu umhverfi það er ekki síst mikilvægt fötluðu fólki sem ljóst er að hafa takmarkaðri aðgang að orlofshúsum en aðrir þjóðfélagsþópar.

Flest stéttarfélög bjóða félagsmönnum sínum upp á fjölbreytta orlofskosti víðsvegar um landið fyrir hóflegt gjald. Aðgangur að þeim orlofskostum er þó bundinn þátttöku á vinnumarkaði sem og að aðgengi er oft mjög ábótavant. ÖBÍ hvetur þingheim til að samþykkja þingsályktunartillöguna sem fyrst.

Af gefnu tilefni er ítrekað að stjórnvöldum er skylt að hafa virkt samráð við heildarsamtök fatlaðs fólks um ákvarðanir sem varða hagsmuni þess, samkvæmt ákvæðum Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF), enda segir í 3. mgr. 4. gr., „aðildarríkin skulu, þegar þau undirbúa og beita löggjöf sinni og stefnu samningi þessum til framkvæmda og vinna að ákvarðanatöku um málefni fatlaðs fólks, hafa náið samráð og tryggja virka þátttöku fatlaðs fólks, þ.m.t. fötluð börn, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd“.

*Ekkert um okkur án okkar!*  
Með vinsemd og virðingu,

Purrður Harpa Sigurðardóttir  
formaður ÖBÍ

Valdís Ösp Árnadóttir  
verkefnisstjóri ÖBÍ